

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2018, miðvikudaginn 19. september kl. 13:02, var haldinn 5. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Ráðssal. Viðstaddir voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Egill Þór Jónsson, Marta Guðjónsdóttir Vigdís Hauksdóttir og Ólafur Jónsson sem fulltrúi atvinnulífsins. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Arný Sigurðardóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Rósa Magnúsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Hreinn Ólafsson, Eygerður Margrétardóttir, Sigurjóna Guðnadóttir og Marta Grettisdóttir. Fundaritari er Örn Sigurðsson.

Þetta gerðist:

I. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

1. Lögð fram drög að starfs- og fjárhagsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 2019. Fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samþykkt.US180269 Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.
2. Lögð fram drög að 6 mánaða uppgjöri vegna reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 2018. US180268

II. Umhverfis- og heilbrigðisráð

3. Fram fer kynning á drögum að starfs- og fjárhagsáætlun umhverfis- og skipulagssviðs fyrir árið 2019. Einnig fer fram kynning á drögum að gjaldskráum umhverfis- og skipulagssviðs.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Umhverfisráð samþykkir að farið verði hið fyrsta í allsherjaráttak að hreinsa veggjakrot í borginni sem hefur stóru aukist að undanfögnu. Jafnframt verði leitað eftir samstarfi m.a. við ungmennaráð, íbúasamtök, skóla, frístundamiðstöðvar, félagasamtök og rekstraraðila í þeirri viðleitni að draga úr veggjakroti.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað.

Fundi slitið kl. 14:40

Líf Magneudóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Ólafur Jónsson

Magnús Már Guðmundsson
Egill Þór Jónsson
Vigdís Hauksdóttir